

Alur Álvinnsla ehf. (áður Kratus ehf.)
Klafastaðavegi 4
301 Akranes

Reykjavík, 12.01.2024
UST202301-209/S.M.
08.07.02

Reglubundið eftirlit í Al álvinnslu

Þann 24. nóvember sl. fór fram reglubundið eftirlit í Al álvinnslu á Grundartanga. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staða eldri frávika fyrir tímabilið 2013 - 2022:

Eftirfarandi er yfirlit yfir stöðu frávika sem sett hafa verið frá því að starfsleyfi Als álvinnslu tók fyrst gildi 12. nóvember 2013 til og með þess eftirlits sem fram fór þann 22. desember 2022. Starfsleyfi Als álvinnslu tók fyrst gildi 12. nóvember 2012 og uppfært starfsleyfi tók gildi 9. nóvember 2022. **Samtals voru sett 28 frávik á tímabilinu, úrbætur hafa verið gerðar vegna 23 frávika og þeim því lokað. Fimm frávik er varða geymslu saltköku og hreinsivirki fyrir útblástur eru opin en rekstraraðili vinnur að úrbótum.**

1. Gr. 2.13 í eldra starfsleyfi sett fram 23. apríl 2014. Fínryki hefur ekki verið skilað til viðeigandi spilliefnamóttöku og er því safnað upp í gámum á lóðinni og í geymslu í Gjáhelli 11 í Hafnafirði. Skv. grein 2.13 skal spilliefnum skilað til viðurkenndrar spilliefnamóttöku og ávallt gæta þess að ekki safnist upp birgðir af spilliefnum. **Efnið var sett í sekki og flutt út til Noregs í endurvinnslu árið 2017. Frávikinu er lokið.**
2. Gr. 3.1 í eldra starfsleyfi sett fram 15. maí 2015. Hljóðmælingar hafa ekki verið framkvæmdar á lóð verksmiðjunnar en skv. starfsleyfi átti þær að fara fram fyrir 12. nóvember 2014. **Frávikinu var lokað 14. september 2015.**
3. Gr. 4.4 í eldra starfsleyfi frá 15. maí 2015. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hefur ekki verið uppfærð sem skyldi eftir mannabreytingar hjá fyrirtækinu. **Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar var síðast uppfærð við uppfærslu starfsleyfis 2022. Frávikinu er lokið.**
4. Gr. 1.1 í eldra starfsleyfi sett fram 25. nóvember 2015. Rekstraraðili hefur hafið vinnslu með saltlausum feril í verksmiðjunni. Slíkur ferill er ekki skilgreindur í núgildandi starfsleyfi. Rekstraraðili sótti um undanþágu til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins í lok árs 2014 vegna breytinga á starfsleyfi til að vinna álgjall með saltlausum feril. Því erindi var svarað með

áformum um höfnun og veitti rekstraraðili þá andsvar við því. Ekki hefur komið svar frá ráðuneytinu hvort undanþágan fæst samþykkt. **Frávikinu var lokað 12. Janúar 2023 þar sem starfsleyfið hafði verið uppfært og rekstraraðili hefur heimilt til vinnslu með saltlausum ferli.**

5. Gr. 2.3 og 2.10 í eldra starfsleyfi sett fram 25. nóvember 2015. Lóðin er óafgirt og ekki með bundnu slitlagi en samkvæmt starfsleyfi skal tryggt að enginn efnaleki verði í jarðveg. Þá eru ekki olíuskiljur á þeim stöðum þar sem það á við. Fyrri áform rekstraraðila um viðbyggingu á vinnslusal og frágang lóðar í kjölfarið gerðu ráð fyrir að framkvæmdir hefðust í byrjun árs 2014 en þeim hefur seinkað og eru nú á byrjunarstigi. **Lóð rekstraraðila hefur verið malbikuð, girðing sett upp, olíuskiljur eru á lóðinni. Frávikinu er lokið.**
6. Gr. 3.1 í eldra starfsleyfi sett fram 9. desember 2015. Uppfæra þarf vöktunarkerfi fyrir verksmiðjuna þar sem að núverandi vöktunarkerfi nær einungis til loka árs 2014. **Mæliáætlun var síðast uppfærð við uppfærslu starfsleyfis 2022. Frávikinu er lokið.**
7. Gr. 5.1 í eldra starfsleyfi sett fram 9. desember 2015. Rekstraraðili skal taka þátt í samstarfi um vöktun vegna mengandi starfsemi á Grundartangasvæðinu. Umhverfisstofnun hefur gert kröfu um árlegar jarðvegsmælingar í umhverfi Kratus m.t.t. PCDD/PCDF (sbr. tölvupóstsamskipti frá 5.9.2013). Síðasta jarðvegsmæling var gerð í október 2013. **Rekstraraðili tekur þátt í umhverfisvöktun fyrir Grundartangasvæðið. Frávikinu er lokið.**
8. Gr. 2.14 í eldra starfsleyfi sett fram 30. maí 2016. Við skoðun á skemmu þar sem að saltkaka er geymd kom í ljós hún er ekki nægilega varin fyrir raka þar sem að gat er á þaki og klæðningu á hlið skemmunnar. **Frávikinu var lokað í seinna eftirlit ársins 2016.**
9. Gr. 3.1 í eldra starfsleyfi sett fram 30. maí 2016. Engar útblástursmælingar voru gerðar árið 2015 en í starfsleyfinu er kveðið á um amk árlegar mælingar í útblæstri. Útblástursmælingar voru framkvæmdar um miðjan maí og niðurstöður úr þeim liggja ekki fyrir. **Rekstraraðili hefur mælt árlega síðan árið 2016. Frávikinu er lokið.**
10. Gr. 2.5 í eldra starfsleyfi sett fram 6. desember 2016. Magn HF og Cl₂ í útblæstri er yfir mörkum í mælingu sem gerð var 18. maí s.l. **Frávikinu var lokað í bréfi dags 13. desember 2019.**
11. Gr. 2.3 í eldra starfsleyfi sett fram 6. desember 2016. Olíugeymar eru geymdir að hluta til með engri árekstrarvörn og að öllu leyti með ófullnægjandi lekavörn. Hætta er á að ef olíugeymar leki muni olían leka út á lóð fyrirtækisins. **Í eftirliti árið 2017 höfðu geymarnir verið grafnir niður, lekavörn bætt og eldri geymar fjarlægðir. Frávikinu er lokið.**
12. Gr. 2.5 í eldra starfsleyfi sett fram 6. júlí 2017. Í sýnatökuáætlun Umhverfisstofnunar var auka mæling gerð á útblæstri verksmiðjunnar. Í þeirri mælingu mældist rykmagn í útblæstri 39,3 mg/Nm³ en losunarmörk eru 20,0 mg/Nm³. **Í seinni mælingu ársins 2017 mældist ryk undir losunarmörkum. Frávikinu er lokið.**

- 13.Gr. 3.4 í eldra starfsleyfi sett fram 6. júlí 2017. Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi ber að skila fyrir 1.maí ár hvert. **Grænu bókhaldi fyrir árið 2016 hefur verið skilað. Frávikinu er lokið.**
- 14.Gr. 2.17 í eldra starfsleyfi sett fram 9. nóvember 2017. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka mengunarhættu eins og kostur er. Tankur fyrir úrgangsolíu og kar með ónýtum rafhlöðum var geymt á óbundnu slitlagi. Rekstraraðili brást strax við frávikinu og færði tankinn og karið inn í hús. **Frávikinu er lokið.**
- 15.Gr. 4.1 í eldra starfsleyfi sett fram 6. nóvember 2017. Rekstraraðili skal stuðla að því að losun mengunarefna frá verksmiðjunni sé eins lítil og hægt er. Mikið ryk barst frá verksmiðjusvæðinu í sumar þegar vinnsla efnis fór fram utandyra. Rekstraraðili hefur farið yfir verkferla og vinnsla færð inn þar sem virkt afsog er því verið bætt úr frávikinu. **Frávikinu er lokið.**
- 16.Gr. 2.4 í eldra starfsleyfi sett fram 19. desember 2017. Rekstraraðili skal hreinsa ryk og fínefni sem myndast við framleiðsluna, t.d. með því að starfrækja reykhreinsivirki með pokasíum eða annan búnað til að fanga efnið. Mikil rykmengun var á verksmiðjulóðinni vegna mölunar gjallsands en árekstur á hurð olli því að hurðar á verksmiðjunni stóðu opnar þegar mölunin fór fram. **Frávikinu var lokað í bréfi 13. Desember 2019.**
- 17.Gr. 3.1 í eldra starfsleyfi sett fram 22. janúar 2018. Engin mæling fór fram á PCDD/PCDF í síuryki árið 2017 en það skal gert árlega. **Efnin voru mæld í seinni mælingu ársins 2017 og telst frávikinu lokið.**
- 18.Gr. 2.14 í eldra starfsleyfi sett fram 14. júní 2019. Gat er á þaki geymslu í Vogatungu og saltkakan því óvarin fyrir raka. **Geymslan í Vogatungu hefur verið tæmd og frávikinu telst lokið.**
- 19.Gr. 3.4 í eldra starfsleyfi sett fram 14. júní 2019. Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi ber að skila fyrir 1.maí ár hvert. **Frávikinu var lokað 3. júlí 2019.**
- 20.Gr. 3.1 í eldra starfsleyfi sett fram 18. desember 2020. Skv. starfsleyfi skal mæla díoxín og fúran árlega í síuryki. Síðustu mælingar voru framkvæmdar 18. desember 2019. **Starfsleyfi rekstraraðila hefur verið breytt og ekki er skylt að mæla díoxín og fúran. Frávikinu er lokið.**
- 21.Gr. 3.1 í eldra starfsleyfi sett fram 8. september 2021. Útblástursmælingar skulu gerðar tvisvar sinnum á ári en einungis ein mæling var framkvæmd árið 2020. **Starfsleyfi rekstraraðila hefur verið breytt og mælingar eru nú árlega. Frávikinu er lokið.**
- 22.Gr. 3.4 í eldra starfsleyfi sett fram 8. september 2021. Útstreymisbókhaldi skal skilað fyrir 1. maí ár hvert fyrir rekstrarárið á undan. Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2020 var skilað 3. júní 2021. **Frávikinu er lokið.**
- 23.Gr. 1.1 í eldra starfsleyfi sett fram 25. nóvember 2015. Starfsleyfi er gefið út á lóðina Klafastaðaveg 4. Hráefni og úrgangur rúmast ekki innan þeirrar lóðar og er því geymdur að hluta til á nærliggjandi lóðum. **Í gildandi starfsleyfi fyrir starfseminu eru ekki settar fram kvaðir um að geymsla gjallsands/saltköku utan lóðar sé óheimil. Einungis er krafa um það**

hvernig geymslu saltköku og gjallsands sé háttað (gr. 3.16 í gildandi starfsleyfi). Frávikinu er lokið.

Engin frávik komu fram í eftirliti nú og engar ábendingar voru settar fram. Eftirfarandi frávik úr fyrri eftirlitum eru opin:

1. Gr. 2.14 í eldra starfsleyfi sett fram 6. nóvember 2017. Gjallsand skal allan flytja af svæðinu til viðurkennds endurvinnsluaðila og geyma í vel lokuðu geymslurými. Að sögn rekstraraðila er nú um 1200-1500 tonn til geymslu að Vogatungu og um 2000 tonn á verksmiðjussvæðinu. Gámar sem innihalda saltköku á lóð verksmiðjunnar hafa orðið fyrir veðrun og því hætta á mengun í jarðveg auk þess sem varanleg geymsla er óheimil. **Geymslan í Vogatungu hefur verið tæmd og saltkakan flutt erlendis til endurvinnslu. Saltkaka sem geymd er í gámum á lóðinni að Klafastaðavegi 6 við hlið Als álvinnslu hefur verið geymd þar lengur en þrjú ár og því væntanlega um varanlega geymslu að ræða (sbr. 3. gr. reglugerð 738/2003). Frávikið er opið.**
2. Gr. 2.5 í eldra starfsleyfi sett fram 22. janúar 2018. Í mælingu sem fór fram þann 23. október sl. er styrkur vetnisflúoríðs 17,9 mg/Nm³ í útblæstri en losunarmörk eru 2,5 mg/Nm³. Samkvæmt bréfi sem rekstraraðili sendi þann 13. desember sl. var verið að bræða álflok. Rekstraraðili hyggst bæta við kalkstein í vinnsluferlið til að draga úr myndun vetnisflúoríðs. **Rekstraraðili hefur unnið að úrbótum á hreinsivirki sem og bætt nýju íblöndunarefni í vinnsluferlið til að minnka styrk vetnisflúoríðs í útblæstri. Frávikið er opið.**
3. Gr. 2.5 í eldra starfsleyfi sett fram 14. júní 2019. Í nýjustu mælingu í útblæstri sem framkvæmd var í apríl er vetnisflúoríð aftur yfir mörkum. Rekstraraðili hefur sent inn nýja úrbótaáætlun hvað það varðar og pantað aðra mælingu til að sannreyna virkni úrbóta. **Rekstraraðili hefur unnið að úrbótum á hreinsivirki og bætt íblöndunarefni í vinnsluferlið til að minnka styrk vetnisflúoríðs í útblæstri. Frávikið er opið.**
4. Gr. 2.5 í eldra starfsleyfi sett fram 8. september 2021. Styrkur vetnisflúoríðs mældist yfir starfsleyfismörkum í útblástursmæingum 2020 og 2021. Styrkurinn mældist 22,5 mg/Nm³ í nóvember 2020 og 6,5 mg/Nm³ í september 2021. Starfsleyfismörkin fyrir flúorefnasambönd eru 2,5 mg/Nm³. **Rekstraraðili hefur unnið að úrbótum á hreinsivirki og bætt íblöndunarefni í vinnsluferlið til að minnka styrk vetnisflúoríðs í útblæstri. Frávikið er opið.**
5. Gr. 3.5 í nýgildandi starfsleyfi sett fram 22. desember 2022. Helstu ryk uppsprettur skulu vera með virkar mengunarvarnir. Hönnun og rekstur verksmiðjunnar skal miðast við að halda rykmengun og annarri mengun niðri. Ítrekuð rykmengun er um báðar innkeyrsludyr á suðurhlið verksmiðjuhússins. **Rekstraraðili sendi inn úrbótaáætlun vegna**

fráviksins þann 24. janúar og uppfærða úrbótaáætlun þann 8. ágúst 2023. Frávikið er opið.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir uppfærðri tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 2. febrúar 2024.

Virðingarfyllt

Kristín Kröyer
sérfræðingur

Freyr Ævarsson
sérfræðingur